


Davíð Oddsson veitir gjöf Eyrúnar Guðmundsdóttur viðtöku. Til vinstri er „Ofar skýjum" og þá „Þingvalla-bóndinn".

Reykjavíkurborg fær þrjú Kjarvalsmálverk að gjöf

REYKJAVÍKURBORG hefur borist að gjöf þrjú málverk eftir Jóhannes S. Kjarval. Voru gjafirnar afhentar við opnun Kjarvalssýningar á Kjarvalsstöðum á þriðjudaginn síðastliðinn.

Annars vegar er um að ræða tvö málverk, sem Eyrún Guðmundsdóttir ekkja Jóns Þorsteinssonar íþróttakennara gaf, „Ofar skýjum„ og „Þingvallabóndinn". Hins vegar var Kjarvalsmálverk frá árinu 1926, „Andi öræfanna", sem var dánargjöf Rannveigar Norðdahl, sem systir hennar Guðrún Norðdahl afhenti. Að sögn Davíðs Oddssonar, borgarstjóra, verða verkin varðveitt á Kjarvalsstöðum, að minnsta kosti fyrst um sinn, en síðan væntanlega valinn staður á einhverjum stofnunum borgarinnar, eftir atvikum.

Við opnun sýningarinnar á Kjarvalsstöðum afhentu bílstjórar á Bifreiðastöð Reykjavíkur blómakörfu til minningar um Kjarval, en á sínum tíma málaði Kjarval verk sem ber nafnið „Blómakarfa frá BSR". Þeir sem afhentu körfuna voru Þorvaldur Þorvaldsson, sem var eins konar einkabílstjóri Kjarvals síðustu tuttugu árin og Ingimar Einarsson, sem einnig fór í ófáar ökuferðir með meistarann.



Einar Hákonarson, stjórnarformaður Kjarvalsstaða, veitir viðtöku dánargjöf Rannveigar Norðdahl, „Andi öræfanna", og það er systir gefandans, Guðrún Norðdahl, sem afhendir gjöfina.

Þórarinn Eldjárn er „Margsaga"

— stofnar nýtt forlag til að gefa út bækur sínar

„MARGSAGA" heitir nýtt smásagnasafn eftir Þórarin Eldjárn. Það er fyrsta bók forlagsins Gullbringu, sem hyggst sérhæfa sig í að gefa út bækur eftir Þórarin, að því er segir í fréttatilkynningu.

„Margsaga" er sjöunda bók Þórarins, sem áður hefur gefið út fjórar kvæðabækur, smásagnabókina „Ofsögum sagt" og skáldsöguna „Kyrr kjör".


„Margsaga" geymir 15 sögur, þar af tvær, sem birst hafa opinberlega áður. Sögurnar eru fjölbreytilegar að efni og stíl og gerast flestar í nútímanum. „Í útjaðri sumra sagnanna," segir í fréttatilkynningunni, „má greina drög að óskráðri harmsögu Kjögx-ættarinnar, en að öðru leyti tengjast þær ekki innbyrðis, ef undan er skilið að „Ég" er atkvæðamikill í mörgum þeirra, en að vísu sjaldnast samur við sig.

Titlar nokkurra sagna gefa ef til vill hugmynd um yrkisefnin, t.d. Yxu víur, Ókvæða við, Saumavélin, Perlur frá Hermanni Kjögx eru bestar, Völin á mölinni, Maðurinn er það sem hann væri, Í kaffi í Bolungavík, Litla stund hjá Hansa og Eigandinn.

„Margsaga" er 94 blaðsíður. Káputeikningu annaðist Sigrún Eldjárn, ljósmyndun Guðmundur Ingólfsson. Prisma setti og prentaði eftir frumdiski höfundar, Arnarfell batt.



Fyrsta eintakið af „Margsaga" gefið út. Talið er, segir Þórarinn Eldjárn, að hér hafi í fyrsta skipti tekist að festa á filmu sjálft útgáfuaugnablik íslenskrar bókar.



Atli Ingólfsson.

Ljóstur — ný ljóðabók eftir Atla Ingólfsson

ÚT ER komin hjá Forlaginu ljóðabókin Ljóstur eftir Atla Ingólfsson. Atli er ungur tónlistarmaður, ættaður úr Njarðvíkunum. Hann hefur stundað tónlistarnám jafnframt háskólanámi hér heima en dvelur nú við nám í tónsmíðum á Ítalíu.

Fyrir skömmu hlaut hann tónlistarverðlaun Ríkisútvarpsins til ungra tónlistarmanna. **Ljóstur** er fyrsta ljóðabók Atla en áður hafa birst eftir hann ljóð í blöðum og tímaritum. Í bókinni eru 30 ljóð og hafa fæst þeirra birst áður.

Í fréttatilkynningu Forlagsins segir m.a.: „Skáldskapur Atla er lágvær og íhugull, fullur næmleika og þekkingar á list ljóðsins. Myndvísi hans er öguð og sjóngáfan skörp, hvort heldur hann yrkir um nálægðina eða einsemdina, efann, óttann eða annað það sem lýstur hinar innri sjónir. Hér yrkir þroskað skáld sem tekið verður eftir."

Ljóstur er prentað hjá Fjölritun sf. Birgir Ingólfsson hannaði kápu.

Auðvitað opið til kl. 4 í dag



Húsgagna-sýning á sunnudag milli kl. 2 og 6

HÚSGAGNAHÖLLIN
BÍLDSHÖFÐA 20 - 110 REYKJAVÍK ☎ 91-81199 og 81410